# AUGLÝSING

## um aðild Íslands að samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.

Hinn 29. júní 1973 voru utanríkisráðuneytum Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna afhent aðildarskjöl Íslands að samningnum um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal hinn 23. september 1971. Samkvæmt 4. tl. 15. gr. samningsins tekur hann gildi á Íslandi hinn 30. júlí 1973.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. júlí 1973.*

**Einar Ágústsson.**

***Pétur Thorsteinsson.***

**Fylgiskjal.**

### SAMNINGUR UM AÐ KOMA Í VEG FYRIR ÓLÖGMÆTAR AÐGERÐIR GEGN ÖRYGGI FLUGSAMGANGNA

RÍKI ÞAU, SEM AÐILAR ERU AÐ SAMNINGI ÞESSUM,

TELJA, að ólöglegar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna stofni öryggi manna og eigna í hættu, hafi alvarleg áhrif á rekstur flugþjónustu og rýri traust þjóða heims á öryggi flugsamgangna;

TELJA, að slík brot séu mikið áhyggjuefni;

TELJA, að til þess að koma í veg fyrir slíkar aðgerðir, beri brýna nauðsyn til að refsa þeim, sem brotlegir gerast, og

HAFA ÞVÍ ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Sá gerist sekur um afbrot, sem á ólögmætan hátt og af ásetningi:

### CONVENTION FOR THE SUPPRESSION OF UNLAWFUL ACTS AGAINST THE SAFETY OF CIVIL AVIATION

THE STATES PARTIES TO THIS CONVENTION

CONSIDERING that unlawful acts against the safety of civil aviation jeopardize the safety of persons and property, seriously affect the operation of air services, and undermine the confidence of the peoples of the world in the safety of civil aviation;

CONSIDERING that the occurrence of such acts is a matter of grave concern;

CONSIDERING that, for the purpose of deterring such acts, there is an urgent need to provide appropriate measures for punishment of offenders;

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

1. Any person commits an offence if he unlawfully and intentionally:

a) beitir ofbeldi gegn einstaklingi í loftfari í flugi, ef aðgerðin er til þess fallin að stofna öryggi loftfarsins í hættu; eða
b) eyðileggur loftfar í rekstri eða veldur á því skemmdum, þannig að það er óhæft til flugs eða ætla má líklegt, að öryggi þess í flugi sé stofnað í hættu; eða
c) kemur fyrir eða stuðlar að því, að komið sé fyrir — á einhvern hátt — í loftfari í flugi útbúnaði eða efni, sem ætla má til þess fallið að eyðileggja eða valda skemmdum á loftfari á slíkan hátt, að það reynist óhæft til flugs, eða valda á því skemmdum, sem líklegt er, að stofnað gætu öryggi þess í flugi í hættu; eða
d) eyðileggur eða veldur skemmdum á flugstjórnartækjum eða veldur truflun á starfsemi þeirra, ef ætla má slíka aðgerð til þess fallna að stofna öryggi loftfars í flugi í hættu; eða
e) veitir upplýsingar, sem hann veit að eru rangar, og stofnar þar með öryggi loftfars í flugi í hættu.

2. Sá gerist enn fremur sekur um afbrot, sem:
a) gerir tilraun til að fremja einhvern þann verknað, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar; eða
b) er sekur um hlutdeild í framningu slíks verknaðar eða í tilraun til að fremja hann.

2. gr.

Í samningi þessum:
a) telst loftfar í flugi, hvenær sem er eftir að búið er að loka öllum ytri dyrum þess, eftir að farþegar eru komnir um borð, og þangað til einhverjar slíkar dyr eru opnaðar, til að farþegar geti gengið frá borði. Ef um nauðlendingu er að ræða, telst flugferð ekki lokið, fyrr en þar til bær yfirvöld taka ábyrgð á loftfarinu og mönnum og eignum um borð;
b) telst loftfar vera í rekstri frá þeim tíma, er starfsmenn á jörðu niðri eða áhöfn hefja að búa loftfar undir

(a) performs an act of violence against a person on board an aircraft in flight if that act is likely to endanger the safety of that aircraft; or
(b) destroys an aircraft in service or causes damage to such an aircraft which renders it incapable of flight or which is likely to endanger its safety in flight; or
(c) places or causes to be placed on an aircraft in service, by any means whatsoever, a device or substance which is likely to destroy that aircraft, or to cause damage to it which renders it incapable of flight, or to cause damage to it which is likely to endanger its safety in flight; or
(d) destroys or damages air navigation facilities or interferes with their operation, if any such act is likely to endanger the safety of aircraft in flight; or
(e) communicates information which he knows to be false, thereby endangering the safety of an aircraft in flight.

2. Any person also commits an offence if he:
(a) attempts to commit any of the offences mentioned in paragraph 1 of this Article; or
(b) is an accomplice of a person who commits or attempts to commit any such offence.

Article 2

For the purposes of this Convention:
(a) an aircraft is considered to be in flight at any time from the moment when all its external doors are closed following embarkation until the moment when any such door is opened for disembarkation; in the case of a forced landing, the flight shall be deemed to continue until the competent authorities take over the responsibility for the aircraft and for persons and property on board;
(b) an aircraft is considered to be in service from the beginning of the preflight preparation of the aircraft

ákveðna ferð og þangað til 24 klukkustundir eru liðnar frá lendingu. Tími sá, er loftfar telst í rekstri, skal þó hið skemmsta vera allur sá tími, sem loftfar er í flugi, eins og skilgreint er í a-lið þessarar greinar.

3. gr.

Sérhvert samningsríki skuldbindur sig til að lýsa þau afbrot refsiverð, sem í 1. gr. getur, og leggja þung viðurlög við þeim.

4. gr.

1. Samningur þessi tekur ekki til loftfara, sem notuð eru í þjónustu hers, tollyfirvalda eða lögreglu.

2. Í þeim tilvikum, sem um getur í a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 1. gr., gildir samningurinn, óháð því, hvort loftfarið er í innanlands- eða millilandaflugi, aðeins þegar:

a) raunverulegur eða áætlaður brottfarar- eða lendingarstaður er utan landsvæðis þess ríkis, sem loftfarið er skrásett í; eða

b) afbrotið er framið á landsvæði annars ríkis en loftfarið er skrásett í.

3. Í þeim tilvikum, sem um getur í a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 1. gr., gildir samningurinn, þrátt fyrir ákvæði undanfarandi málsgreinar, einnig, ef brotamaður eða meintur brotamaður finnst á landsvæði annars ríkis en þess, sem loftfar er skrásett í.

4. Samningur þessi gildir ekki um tilvik þau, sem um getur í a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 1. gr., gagnvart þeim ríkjum, sem í 9. gr. getur, ef staðir þeir, sem nefndir eru í a-lið 2. mgr. þessarar greinar, liggja á landsvæði sama ríkis og það er eitt þeirra ríkja, sem í 9. gr. getur, nema afbrotið hafi verið framið eða brotamaður eða meintur brotamaður finnist á landsvæði annars ríkis en þess ríkis.

by ground personnel or by the crew for a specific flight until twenty-four hours after any landing; the period of service shall, in any event, extend for the entire period during which the aircraft is in flight as defined in paragraph (a) of this Article.

Article 3

Each Contracting State undertakes to make the offences mentioned in Article 1 punishable by severe penalties.

Article 4

1. This Convention shall not apply to aircraft used in military, customs or police services.

2. In the cases contemplated in subparagraphs (a), (b), (c) and (e) of paragraph 1 of Article 1, this Convention shall apply, irrespective of whether the aircraft is engaged in an international or domestic flight, only if:

(a) the place of take-off or landing, actual or intended, of the aircraft is situated outside the territory of the State of registration of that aircraft; or

(b) the offence is committed in the territory of a State other than the State of registration of the aircraft.

3. Notwithstanding paragraph 2 of this Article, in the cases contemplated in subparagraphs (a), (b), (c) and (e) of paragraph 1 of Article 1, this Convention shall also apply if the offender or the alleged offender is found in the territory of a State other than the State of registration of the aircraft.

4. With respect to the States mentioned in Article 9 and in the cases mentioned in subparagraphs (a), (b), (c) and (e) of paragraph 1 of Article 1, this Convention shall not apply if the places referred to in subparagraph (a) of paragraph 2 of this Article are situated within the territory of the same State where that State is one of those referred to in Article 9, unless the offence is committed or the offender or alleged offender is found in the territory of a State other than that State.

5. Í þeim tilvikum, sem í d-lið 1. mgr. 1. gr. getur, gildir samningurinn aðeins, ef flugstjórnartækin eru notuð við millilandaflugsamgöngur.

6. Ákvæði 2.—5. mgr. þessarar greinar gilda einnig í tilvikum þeim, sem í 2. mgr. 1. gr. getur.

5. gr.

1. Sérhvert samningsríki skal gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til að ná lögsögu yfir afbrotunum í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar afbrot er framið á landsvæði þess ríkis;
b) þegar afbrot er framið gegn loftfari eða í loftfari, sem skrásett er í viðkomandi ríki;
c) þegar loftfarið, sem afbrotið er framið í, lendir á landsvæði þess ríkis með meintan brotamann um borð;
d) þegar afbrotið er framið gegn loftfari eða í loftfari, sem án áhafnar er leigt leigutaka, enda hafi hann aðalaðsetur fyrir atvinnustarfsemi sína í því ríki eða hafi búsetu þar, ef leigutaki hefur ekkert slíkt aðsetur fyrir starfsemi sína.

2. Sérhvert samningsríki skal einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná lögsögu yfir þeim afbrotum, sem getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 1. gr., að því leyti sem síðastnefnd mgr. á við um þessi afbrot, í þeim tilvikum þegar meintur brotamaður dvelur á landsvæði þess ríkis og ríkið framselur hann ekki samkvæmt 8. gr. til einhvers þeirra ríkja, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir refsilögsögu, sem beitt er samkvæmt landslögum.

6. gr.

1. Sérhvert ríki, sem brotamaður eða meintur brotamaður er staddur í, skal, þegar staðreynt hefur verið, að lagaskilyrði réttlæti það, hneppa hann í gæzlu

5. In the cases contemplated in subparagraph (d) of paragraph 1 of Article 1, this Convention shall apply only if the air navigation facilities are used in international air navigation.

6. The provisions of paragraphs 2, 3, 4 and 5 of this Article shall also apply in the cases contemplated in paragraph 2 of Article 1.

Article 5

1. Each Contracting State shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences in the following cases:

(a) when the offence is committed in the territory of that State;
(b) when the offence is committed against or on board an aircraft registered in that State;
(c) when the aircraft on board which the offence is committed lands in its territory with the alleged offender still on board;
(d) when the offence is committed against or on board an aircraft leased without crew to a lessee who has his principal place of business or, if the lessee has no such place of business, his permanent residence, in that State.

2. Each Contracting State shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences mentioned in Article 1, paragraph 1 (a), (b) and (c), and in Article 1, paragraph 2, in so far as that paragraph relates to those offences, in the case where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him pursuant to Article 8 to any of the States mentioned in paragraph 1 of this Article.

3. This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with national law.

Article 6

1. Upon being satisfied that the circumstances so warrant, any Contracting State in the territory of which the offender or the alleged offender is present, shall take

eða gera aðrar ráðstafanir til að tryggja návist hans. Gæzla og aðrar ráðstafanir skulu vera í samræmi við lög viðkomandi ríkis, og skal marka þeim tíma miðað við það, sem telja má nauðsynlegt til að hefja sakamáls- eða framsalsaðgerðir.

2. Ríkinu ber þegar að hefja frumrannsókn á málsatvikum.

3. Hverjum þeim manni, sem í gæzlu er samkvæmt næstu málsgrein á undan, skal veitt aðstoð til að ná sambandi tafarlaust við næsta fulltrúa ríkis þess, sem hann hefur ríkisfang í.

4. Þegar ríki hefur samkvæmt þessari grein tekið mann í gæzlu, skal það þegar í stað tilkynna ríkjum þeim, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., og ríki því, sem maðurinn á ríkisfang í, og einnig, ef það telur ástæðu til þess, sérhverju öðru ríki, sem kann að eiga hagsmuna að gæta að fá vitneskju um, að maðurinn sé í gæzlu, og málsatvik þau, sem liggja til grundvallar töku hans. Ríki það, sem annast frumrannsókn þá, er 2. mgr. þessarar greinar fjallar um, skal án tafar skýra téðum ríkjum frá niðurstöðum sínum og taka fram, hvort það hefur í hyggju að neyta lögsöguvalds síns.

7. gr.

Samningsríki, sem ræður yfir landsvæði, þar sem meintur brotamaður finnst, er skylt, svo fremi það framselji hann ekki, að fela þar til bærum yfirvöldum málið til saksóknar og það án nokkurrar undantekningar og hvort sem brotið var framið á landsvæði þess eða ekki. Yfirvöld þessi skulu taka ákvörðun um saksókn eftir sömu reglum og þeim, er gilda, ef um er að ræða afbrot alvarlegs eðlis samkvæmt landslögum.

8. gr.

1. Afbrotin teljast fólgin í hvers kyns samningi um framsal sakamanna, sem í gildi er milli samningsríkjanna, og teljast þar meðal þeirra afbrota, er leiða til framsals. Samningsríkin skuldbinda sig til að fella afbrotin undir ákvæði um framsal sakamanna í öllum samningum þar að lútandi, sem þau gera með sér framvegis.

him into custody or take other measures to ensure his presence. The custody and other measures shall be as provided in the law of that State but may only be continued for such time as is necessary to enable any criminal or extradition proceedings to be instituted.

2. Such State shall immediately make a preliminary enquiry into the facts.

3. Any person in custody pursuant to paragraph 1 of this Article shall be assisted in communicating immediately with the nearest appropriate representative of the State of which he is a national.

4. When a State, pursuant to this Article, has taken a person into custody, it shall immediately notify the States mentioned in Article 5, paragraph 1, the State of nationality of the detained person and, if it considers it advisable, any other interested States of the fact that such person is in custody and of the circumstances which warrant his detention. The State which makes the preliminary enquiry contemplated in paragraph 2 of this Article shall promptly report its findings to the said States and shall indicate whether it intends to exercise jurisdiction.

Article 7

The Contracting State in the territory of which the alleged offender is found shall, if it does not extradite him, be obliged, without exception whatsoever and whether or not the offence was committed in its territory, to submit the case to its competent authorities for the purpose of prosecution. Those authorities shall take their decision in the same manner as in the case of any ordinary offence of a serious nature under the law of that State.

Article 8

1. The offences shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between Contracting States. Contracting States undertake to include the offences as extraditable offences in every extradition treaty to be concluded between them.

2. Ef samningsríki, sem gerir samning að skilyrði fyrir framsali, fær beiðni um framsal frá öðru samningsríki, sem það hefur ekki gert samning við um framsal sakamanna, getur það að eigin vild talið samning þennan lagalegan grundvöll fyrir framsali vegna afbrotsins. Um framsalið fer að öðru leyti eftir lögum þess ríkis, sem óskað er framsals hjá.

3. Samningsríki, sem ekki gera samning sín á milli að skilyrði fyrir framsali, skulu viðurkenna gagnkvæmt, að afbrotið falli undir lagaákvæði um framsal sakamanna í samræmi við löggjöf ríkis þess, er óskað er framsals hjá.

4. Að því er varðar framsal milli samningsríkjanna, ber eigi einungis að telja brotið framið á þeim stað, þar sem aðgerðirnar voru framkvæmdar, heldur einnig á landsvæðum þeirra ríkja, sem eiga lögsögu yfir afbrotinu samkvæmt b-, c- og d-lið 1. mgr. 5. gr.

2. If a Contracting State which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another Contracting State with which it has no extradition treaty, it may at its option consider this Convention as the legal basis for extradition in respect of the offences. Extradition shall be subject to the other conditions provided by the law of the requested State.

3. Contracting States which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize the offences as extraditable offences between themselves subject to the conditions provided by the law of the requested State.

4. Each of the offences shall be treated, for the purpose of extradition between Contracting States, as if it had been committed not only in the place in which it occurred but also in the territories of the States required to establish their jurisdiction in accordance with Article 5, paragraph 1 (b), (c) and (d).

### 9. gr.

Samningsríki, sem stofna sameiginleg loftferðasamtök, eða alþjóðastofnanir, sem nota loftför, er háð eru alþjóðlegri eða sameiginlegri skráningu, skulu á viðeigandi hátt tilgreina fyrir sérhvert loftfar ríki það, er hafa skal lögsögu og koma fram sem skráningarríki, að því er samning þennan varðar, og ber að tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni um það efni, en hún kemur tilkynningu á framfæri við aðildarríki samnings þessa.

### Article 9

The Contracting States which establish joint air transport operating organizations or international operating agencies, which operate aircraft which are subject to joint or international registration shall, by appropriate means, designate for each aircraft the State among them which shall exercise the jurisdiction and have the attributes of the State of registration for the purpose of this Convention and shall give notice thereof to the International Civil Aviation Organization which shall communicate the notice to all States Parties to this Convention.

### 10. gr.

1. Samningsríki skulu í samræmi við þjóðarétt og eigin landslög leitast við til hins ítrasta að koma í veg fyrir afbrot þau, sem um getur í 1. gr.

2. Nú seinkar flugferð eða sætir truflunum af völdum einhvers afbrots, sem um getur í 1. gr., og skal þá sérhvert samningsríki, þar sem loftfar, farþegar eða áhöfn eru stödd, auðvelda farþegum

### Article 10

1. Contracting States shall, in accordance with international and national law, endeavour to take all practicable measures for the purpose of preventing the offences mentioned in Article 1.

2. When, due to the commission of one of the offences mentioned in Article 1, a flight has been delayed or interrupted, any Contracting State in whose territory the aircraft or passengers or crew are

og áhöfn að halda áfram för sinni, svo fljótt sem verða má, og skila loftfarinu og farmi þess þeim aðilum, sem rétt eiga til yfirráða.

11. gr.

1. Samningsríki skulu veita hvert öðru fyllstu aðstoð í sambandi við refsiaðgerðir vegna afbrotanna. Lög þess ríkis, sem um aðstoð er beðið, gilda óskorað um þetta efni.

2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar hafa ekki áhrif á skuldbindingar samkvæmt neinum öðrum samningi, tvíhliða eða marghliða, sem nær eða getur náð að einhverju eða öllu leyti til gagnkvæmrar aðstoðar í sakamálum.

12. gr.

Sérhvert samningsríki, sem hefur ástæðu til að ætla, að eitthvert þeirra afbrota, sem um getur í 1. gr., verði framin, skal í samræmi við sín landslög láta í té öðrum ríkjum, sem það telur, að til greina komi samkv. 1. mgr. 5. gr., allar upplýsingar, sem það býr yfir og máli skipta.

13. gr.

Sérhvert samningsríki skal í samræmi við sín eigin landslög láta ráði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í té, svo fljótt sem verða má, allar mikilsverðar upplýsingar, sem það býr yfir varðandi:

a) málsatvik afbrotsins;
b) þær aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt 2. mgr. 10. gr.;
c) ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið gagnvart brotamanni eða meintum brotamanni, einkum um úrslit sérhvers framsalsmáls eða annarra réttarathafna.

14. gr.

1. Nú rís deila milli tveggja eða fleiri samningsríkja, um túlkun eða beitingu þessa samnings, er eigi verður jöfnuð með samkomulagi, og skal hún þá lögð í gerð, ef eitt þeirra óskar þess. Náist ekki samkomulag milli deiluaðilanna um skipun

present shall facilitate the continuation of the journey of the passengers and crew as soon as practicable, and shall without delay return the aircraft and its cargo to the persons lawfully entitled to possession.

Article 11

1. Contracting States shall afford one another the greatest measure of assistance in connection with criminal proceedings brought in respect of the offences. The law of the State requested shall apply in all cases.

2. The provisisons of paragraph 1 of this Article shall not affect obligations under any other treaty, bilateral or multilateral, which governs or will govern, in whole or in part, mutual assistance in criminal matters.

Article 12

Any Contracting State having reason to believe that one of the offences mentioned in Article 1 will be committed shall, in accordance with its national law, furnish any relevant information in its possession to those States which it believes would be the States mentioned in Article 5, paragraph 1.

Article 13

Each Contracting State shall in accordance with its national law report to the Council of the International Civil Aviation Organization as promptly as possible any relevant information in its possession concerning:

(a) the circumstances of the offence;
(b) the action taken pursuant to Article 10, paragraph 2;
(c) the measures taken in relation to the offender or the alleged offender and, in particular, the results of any extradition proceedings or other legal proceedings.

Article 14

1. Any dispute between two or more Contracting States concerning the interpretation or application of this Convention which cannot be settled through negotiation, shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If

gerðardómsins innan sex mánaða frá dagsetningu beiðnar, getur hver aðilanna sem er vísað ágreiningnum til Alþjóðadómstólsins með beiðni í samræmi við samþykktir dómstólsins.

2. Sérhvert ríki getur við undirskrift eða fullgildingu samnings þessa, eða þegar það gerist aðili að honum, lýst því yfir, að það telji sig ekki bundið af undanfarandi málsgrein gagnvart samningsríki, sem gert hefur slíkan fyrirvara.

3. Sérhvert samningsríki, sem gert hefur fyrirvara samkvæmt undanfarandi málsgrein, getur hvenær sem er tekið fyrirvarann til baka með tilkynningu til þeirra ríkisstjórna, sem veitt hafa fullgildingar- eða aðildarskjölum móttöku.

within six months from the date of the request for arbitration the Parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those Parties may refer the dispute to the International Court of Justice by request in conformity with the Statute of the Court.

2. Each State may at the time of signature or ratification of the Convention or accession thereto, declare that it does not consider itself bound by the preceding paragraph. The other Contracting States shall not be bound by the preceding paragraph with respect to any Contracting State having made such a reservation.

3. Any Contracting State having made a reservation in accordance with the preceding paragraph may at any time withdraw this reservation by notification to the Depositary Governments.

15. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi í Montreal hinn 23. september 1971 til undirritunar fyrir þátttökuríkin á Alþjóðaráðstefnu um loftferðalög, sem haldin var í Montreal 8.—15. september 1971 (og nefnist í samningi þessum Montreal-ráðstefnan). Eftir 10. október 1971 stendur öllum ríkjum til boða að undirrita samninginn í Moskvu, London og Washington. Sérhvert ríki, sem eigi undirritar samning þennan, áður en hann gengur í gildi samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar, getur gerzt aðili að honum, hvenær sem það kýs.

2. Samningur þessi skal háður fullgildingu af hálfu þeirra ríkja, sem undir hann rita. Fullgildingar- og aðildarskjöl skulu afhent ríkisstjórnum Sovétríkjanna, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Bandaríkja Ameríku, sem hér með er falið að veita fullgildingar- og aðildarskjölum móttöku.

3. Samningur þessi skal taka gildi að liðnum þrjátíu dögum frá því að tíu ríki, sem hafa undirritað hann og þátt tóku

Article 15

1. This Convention shall be open for signature at Montreal on 23 September 1971, by States participating in the International Conference on Air Law held at Montreal from 8 to 23 September 1971 (hereinafter referred to as the Montreal Conference). After 10 October 1971, the Convention shall be open to all States for signature in Moscow, London and Washington. Any State which does not sign this Convention before its entry into force in accordance with paragraph 3 of this Article may accede to it at any time.

2. This Convention shall be subject to ratification by the signatory States. Instruments of ratification and instruments of accession shall be deposited with the Governments of the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America, which are hereby designated the Depositary Governments.

3. This Convention shall enter into force thirty days following the date of the deposit of instruments of ratification by

í Montreal-ráðstefnunni, hafa lagt fram fullgildingarskjöl.

4. Að því er önnur ríki varðar, tekur samningurinn gildi þann dag, sem hann gengur í gildi samkvæmt undanfarandi málsgrein, eða að liðnum þrjátíu dögum frá því að þau hafa lagt fram fullgildingar- eða aðildarskjöl sín, hvort sem síðar kann að bera að höndum.

5. Ríkisstjórnir þeirra landa, er taka við fullgildingar- og aðildarskjölum, skulu án tafar tilkynna öllum þeim ríkjum, sem undirskrifa samninginn og gerast aðilar að honum, um dagsetningu sérhverrar undirskriftar, afhendingardag sérhvers fullgildingar- og aðildarskjals, gildistökudag þessa samnings og koma á framfæri öðrum orðsendingum.

6. Um leið og samningur þessi öðlast gildi, skal hann skrásettur af ríkisstjórnunum, sem taka við fullgildingar- og aðildarskjölum, í samræmi við ákvæði 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og 83. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál (Chicago 1944).

16. gr.

1. Hverju samningsríki skal heimilt að segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórna þeirra, sem taka við fullgildingar- og aðildarskjölum.

2. Uppsögn tekur gildi að liðnum sex mánuðum frá þeim degi, er ríkisstjórnir þær, sem veita fullgildingar- og aðildarskjölum móttöku, fengu tilkynninguna í hendur.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Montreal hinn tuttugasta og þriðja dag septembermánaðar nítján hundruð sjötíu og eitt í fjórum jafngildum textum á ensku, frönsku, rússnesku og spönsku, í þrem frumritum.

ten States signatory to this Convention which participated in the Montreal Conference.

4. For other States, this Convention shall enter into force on the date of entry into force of this Convention in accordance with paragraph 3 of this Article, or thirty days following the date of deposit of their instruments of ratification or accession, whichever is later.

5. The Depositary Governments shall promptly inform all signatory and acceding States of the date of each signature, the date of deposit of each instrument of ratification or accession, the date of entry into force of this Convention, and other notices.

6. As soon as this Convention comes into force, it shall be registered by the Depositary Governments pursuant to Article 102 of the Charter of the United Nations and pursuant to Article 83 of the Convention on International Civil Aviation (Chicago, 1944).

Article 16

1. Any contracting State may denounce this Convention by written notification to the Depositary Governments.

2. Denunciation shall take effect six months following the date on which notification is received by the Depositary Governments.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their Governments, have signed this Convention.

DONE at Montreal, this twenty-third day of September, one thousand nine hundred and seventy-one, in three originals, each being drawn up in four authentic texts in the English, French, Russian and Spanish languages.